

Búsvæðamat í Elliðavatni

Kortlagning gróðurs og botns með tilliti til búsvæða fiska

Útgáfa: 1.0

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur
Reykjavík 1. júní 2004

Inngangur

Þess var farið á leit við skýrsluhöfund að meta útbreiðslu og tegundasamsetningu hágróðurs í Elliðavatni svo og kortleggja botngerð með tilliti til búsvæða fyrir fisk. Einnig skyldi fjaran metin með tilliti til umfangs svæða sem myndu þorna við verulega vatnsborðlækkun.

Aðferðir

Siglt var um vatnið, reglubundið eftir þörfum, gróður greindur og botngerð metin með tilliti til búsvæða fyrir urriða og bleikju. Fjörur voru gengnar og fjarlægð - 60 cm dýptarlínu mæld eða metin svo og botngerð fjörunnar. Farið var um vatnið á ís að vetri til og gróður metinn. Stuðst var við loftmyndir og aðrar upplýsingar við gerð korta.

Þar sem botn Elliðavatns er mjög fjölbreyttur og víða örur skiptingar milli búsvæða er ekki unnt að gera nákvæmt kort án mjög mikillar vinnu, enda litið svo á að það hafi ekki verið ætlunin. Því var reynt að flokka botn og gróður saman í svæði sem eru dæmigerð fyrir vatnið, á þann hátt sem síðar verður tilgreint.

Niðurstöður

Flokkun búsvæða

1. Gróðurlaus botn

Leir-eða moldarbotn án teljandi gróðurs. Slíkur botn er sunnan til í vatninu, frá eystri Myllulækjarósi fram hjá Riðhöfða, vestur fyrir lind og teygir sig í átt að Laxatanga hálfleið að eyjunni út af Þingnesi.

Á stóru svæði frá bænum að Vatnsenda vestur með landinu þar sem það nær inn í botn, þar verður botninn moldarkenndari eins og reyndar í víkum þar sem meira skjól er fyrir ríkjandi hvössum áttum. Þessi svæði eru gjarnan 1,5-2 m á dýpt.


Í Helluvatni eru stór svæði með sléttum moldar- eða leirbotni, þar er grynna og botn moldarkenndari en í Elliðavatni enda skýlla og framburður úr Suðurá. Norðan við brúna í Helluvatni var áður fyrir áll sem nú er fullur orðinn af seti og er botn þar mjög laus.

Bleikja er einkennisfiskur fyrir svæði með sléttum botni. Ástæðan er sú að þar er dýralíf, svif, rykmýslirfur, efjuskeljar t.d., með þeim hætti að hún er í betri samkeppnisaðstöðu heldur en urriðinn. Þessi svæði eru merkt inn á kort með þeim táknum sem sýnd eru hér til hliðar og í skýringum á korti. Sama á við um búsvæði og botngerðir sem taldar eru upp hér á eftir.




2. Botn þakinn hávöxnum mara (*myriophyllum sp.*) og nykrubrúskum (*potamogeton sp.*)

Hávaxinn mari er ríkjandi, nær stundum í yfirborð, með nykrubrúskum inn á milli. Stundum eru eyjar af nykru, bæði hjartanykru (*p. perfoliatus*) og fjallnykru (*p. alpinus*), sem ná upp í yfirborð. Helstu svæðin eru í Vatnsendavatni vestur af Þingnesi að auða svæðinu með landinu. Einnig austan Þingness í átt að Riðhól og víðar. Á þessum svæðum fæst mest urriði þegar veitt er í net og (ála)gildirur. Virðist vera kjörsvæði (smárra) urriða þegar líða tekur á sumar og gróður nær sér upp.




3. Botn þakinn lágvöxnum mara og láum nykrubrúskum

Víða í norður vatninu, á engjunum og í kring um Elliðavatnsbæinn. Oft grjót á milli og auðir blettir. Kjörsvæði urriða. Hornsíli, vorflugur, kuðungar.




4. Grasbotn, með grjóti á milli, lágum mara, álftalauk (*isoetes*) og þráðnykru (*p. filiformis*).

Víða á gömlu engjunum. Kjörsvæði urriða, bleikju að hluta. Helstu fæðutegundir fiska eru hornsíli, vorflugur, kuðungar.




5. Starengi

Mjög grunn svæði þar sem starir standa upp úr. Eyjar austur af Laxatanga, sunnan við gömlu engjarnar. Búsvæði hornsíla og hugsanlega silungsseiða. Ekki hægt að veiða.



6. Marabrúskar

Skil leirbotns og gróinna svæða eru víðast óljós. Á mörkunum eru mis stórir marabrúskar.



7. Fjaran



Gerð fjörunnar er merkt inn á kortið, grjót eða möl eftir því sem við á. Settir eru rauðir hringir þar sem fjörubreidd verður meiri en 5 m við um 60 cm vatnsborðslækkun. Auk þess er breidd þurrksvæðisins í Helluvatni sett inn á kort. Ekki þótti ástæða til að setja mælitölur á þurrksvæði í Elliðavatni. Bæði eru þau tiltölulega mjó, 0-5 m, mest um 8 m á örfáum stöðum og þau skipta litlu máli nema þar sem riðstöðvar eru en þær þorna að stórum hluta, þó þurrkbeltið sé ekki breitt.

Áhrif lækkunar vatnsborðs á fjöru og fjörulíf

Almennt má segja að lítil hluti fjörunnar þornar við 60 sm vatnsborðslækkun miðað við hve vatnið er grunnt. Talsvert grugg er víðast í fjörunum vegna þess að vatnið er svo grunnt að það gruggast upp við minnsta vind. Ekki er um að ræða svokallaðar setgildir eins og í dýpri vötnum þar sem fínu efnin skolast niður á dýpið þegar fjöruborðið er lækkað.

Lækkun vegna vatnsmiðlunar í Elliðavatni er að vetri til og hún er mest í köldum og þurrum árum og fer því oftast saman við ísmyndun. Um ágang vegna ölduróts er því sjaldan um að ræða þegar vatnsborðið er sem lægst. Lækkunin er hæg og hefur lítil áhrif á lágdýralíf.

Vatnsborðslækkun kemur hins vegar mjög illa við riðstöðvar bleikju sem lenda flestar á þurru við mestu lækkun. Á móti kemur að flestar riðstöðvarnar eru tengdar lindum, en það vinnur á móti þurrkun af völdum lækkunar. Hrygning bleikjunnar við lindir er sennilega aðlögun að lækkun vatnsborðs að vetrum. Riðstöðvar bleikju eru sýndar á myndum 1 og 2.




Elliðavatn

Búsvæðakort

500 m

J.Kr. 2004



Helluvatn

Búsvæðakort

N

☼	Möl	Áætlun þekja í %
⊙	Griðót	
⊕	Steinn	
●	Mari, stakir brúskar	5-10 %
●	Mari og nykra, lágvaxið	30 %
●	Mari og nykra, hávaxið	20 %
●	Stör	
●	Leir- eða moldarbotn	50-60 %
---	Vatnsleiðsla	



- ||| Elfting
- 6 Breidd þurrksvæðis í m
- > 5 m þurrksvæði